

// Fundur Foreldrafélags barnaskólans í Hafnarfirði, miðvikudaginn 3. október, 2019 //

Fundur Foreldrafélags barnaskólans í Hafnarfirði

Mættir voru:

Ragnar, Elva, Hildur, Guðrún, Þórunn, Hjálmar, Birkir, Ágústa og Ásdís Björk.

Fyrsta mál á dagskrá, að skipa í hlutverk stjórnar.

Ágústa kosin ritari. Las upp fundargerð síðasta fundar (aðalfundar) sem var samþykkt.

Birkir kosinn formaður.

Ragnar kosinn gjaldkeri. Rætt um hvort skipta eigi um banka, lítið þjónustustig Arion banka hér í Hafnarfirði. Stjórnin samþykkir að skipta um banka ef þarf.

Ragnar mun upplýsa um næstu skref í þessum málum varðandi prófkúruhafaf lutning og þess háttar.

Fulltrúar í Skólaráði Barnaskólans í Hafnarfirði skulu vera tveir, Hjálmar og Ágústa buðu sig fram, sömu aðilar og voru í fyrra. Hjálmar minnir að fulltrúar skulu sitja tvö ár í senn svo Hjálmar og Ágústa taka seinna árið.

Fulltrúar í Foreldraráði Hafnarfjarðar eiga að vera tveir og tveir varamenn tilgreindir.

Hildur og Ragnar valdir fulltrúar og Þórunn og Elva varamenn.

Ragnar sagði í stuttu máli í hverju hlutverk fulltrúa felst, fundir eru ca. einu sinni í mánuði.

Mikilvægt að við sitjum fundi hjá Foreldraráðinu og komum sjónarmiðum Hjallastefnunar á framfæri.

Næsta mál, upphæð gjalds til Foreldrafélagsins.

Upphæðin hefur verið 400 kr. í nokkur ár, stjórnin er sammála því að hækka gjaldið í 500 kr.

Ágústa upplýsir Hildi um þetta.

Umræða um útgáfu tækifæriskortanna.

Ákveðið að halda forminu á tækisfæriskortunum eins og undanfarin ár.

Bætum við jólamíðum sem nýjum valkosti. Biðjum börnin að teikna líka jólamynd en það er engin krafa á að allir nemendur teikni mynd. Jólamiðarnir yrðu seldir saman í pakka, blandaðar myndir og ekki merktar hverju barni fyrir sig.

Stefnum á að hafa myndirnar tilbúna fyrir foreldraviðtölin sem eru áætluð í byrjun nóvember svo hægt sé sýna myndina í viðtalinu.

Ágústa biður Hildi um að leggja myndaverkefnið fyrir börnin.

Krakkakaffi yngri kjarna.

Tillaga að dagsetningu, 6. nóvember fyrir yngri kjarna og 12. febrúar fyrir eldri kjarna.

Þórunn leggur til að krakkakaffi yngri kjarna sé alltaf fyrsti miðvikudagur í nóvember.

Stjórnin byrjar að huga að vinningum fyrir kaffið, muna að biðja um tvo vinninga hjá hverju fyrirtæki svo hægt sé að nýta einn fyrir áramót og einn eftir áramót.

Útgáfa fréttabréfs

Stefnum á útgáfu ca. viku fyrir krakkakaffið. Auglýsingar um krakkakaffið í því ásamt svipuðum liðu og voru í fréttabréfinu í fyrra. Segja frá gjöf foreldrafélagsins í fréttabréfinu

Hlutir til að ræða með Hildi á næsta fundi;

- fyrirkomulag á 5 ára kjarna, eru þau hluti af fjáröflun? fær foreldrafélagið 500 kr. frá þeim?
- dagsetningar á krakkakaffi, 6. nóv og 12. feb?
- hvað ættum við að gefa skólanum fyrir afgangspeningin
- stingum upp á dagsetningunni 14. okt
- muna að fá Írisi með á fund eða amk. vera búin að fá skýr svör frá henni

Fundartíma stjórnar

Stungið upp á að festa fundartíma stjórnarinnar, fyrsti mánudagur í mánuði samþykktur.

Hugmynd að viðburði fyrir foreldra og starfsfólk, t.d. pub-quiz, eitthvað skemmtilegt til að hrista hópinn saman.

Hjálmar stingur upp á að nýta Trello til að halda utan um verkefni; gott til að hafa yfirsýn yfir verkefni og til að skipta milli okkar verkliðum.